

105. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn föstudaginn 20. desember 2019

Fundargerð

Fundurinn er haldinn í síma og hófst kl. 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Gauti Jóhannesson, Stefán Bogi Sveinsson, Jón Björn Hákonarson, Sigríður Bragadóttir, Sæunn Stefánsdóttir og Þráinn Lárusson.

Mættur starfsmaður Austurbrúar var Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 104. fundar stjórnar til samþykktar
2. Fjárhagsáætlun 2020 fyrir Austurbrú
3. Stefnur til samþykktar
 - Mannauðsstefna og Heilsustefna Austurbrúar
 - Jafnréttisstefna Austurbrúar
 - Fræðslustefna Austurbrúar
 - Gæðastefna Austurbrúar
4. Ýmis mál tengt rekstri
5. Önnur mál

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð 104. fundar stjórnar til samþykktar

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 104 og verður hún undirrituð næst þegar stjórn kemur saman

2. Fjárhagsáætlun 2020 fyrir Austurbrú

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2020. Fjárhagsáætlunin er sett upp á grundvelli þeirra forsendna sem stjórn hefur unnið með á undanförunum mánuðum m.t.t. verkefna, tekna, gjalda og launaforsendna. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2020 með þeim fyrirvara að ef breytingar verða á forsendum tekna þá þurfi að yfirfara áætlunina.

3. Stefnur til samþykktar

Framkvæmdastjóri fór yfir stefnur sem unnið hefur verið að undanfarið innan Austurbrúar. Stjórn staðfestir stefnurnar með þeim fyrirvara að starfsháttanefnd geri ekki athugasemdir við þær í samræmi við hlutverk nefndarinnar sem umsagnaraðila um innri reglur Austurbrúar.

- Mannauðsstefna og Heilsustefna Austurbrúar
- Jafnréttisstefna Austurbrúar
- Fræðslustefna Austurbrúar
- Gæðastefna Austurbrúar

Framkvæmdastjóra er falið að vinna að innleiðingu stefnanna.

4. Ýmis mál tengt rekstri

Framkvæmdastjóri fór yfir það sem hæst ber í rekstri stofnunarinnar þessa dagana. Prófatíðin er búin og búið að skipuleggja með hvaða hætti opnun verður um jólin og áramótin. Nýlega var haldið námskeið með öllum starfsmönnum sem almenn ánægja er með.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl 16:00

Einar Már Sigurðarson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Stefán Bogi Sveinsson

Þráinn Lárusson

Gunnar Jónsson

Jón Björn Hákonarson

Sigríður Bragadóttir

Sæunn Stefánsdóttir